

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Eygló Harðardóttir, Birgitta Jónsdóttir, Atli Gíslason, Ásbjörn Óttarsson.

### 1. gr.

Við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig skulu, þrátt fyrir 1. mgr., einstæðar mæður sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur öðlast rétt til fæðingarorlofs í níu mánuði.

### 2. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig skulu, þrátt fyrir 1. mgr., einstæðar mæður sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur öðlast rétt til fæðingarstyrks í níu mánuði.

### 3. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig skulu, þrátt fyrir 1. mgr., einstæðar mæður sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur öðlast rétt til fæðingarstyrks í níu mánuði.

### 4. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Rétt til foreldraorlofs í átta mánuði skulu eiga einstæðar mæður sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur eftir 1. janúar 2012.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. þingi (þskj. 181, 163. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Félags- og tryggingamálanefnd bárust þó átta umsagnir um málið. Allir umsagnaraðilar fögnuðu frumvarpinu og/eða studdu framgang þess. Í frumvarpinu er mælt fyrir um þá breytingu að einstæðar mæður sem eignast barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn skuli öðlast rétt til níu mánaða fæðingarorlofs. Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, er kveðið á um rétt foreldra til sjálfstæðs þriggja mánaða fæðingarorlofs og sameiginlegs réttar til annarra þriggja mánaða sem þeir deila á milli sín. Getur barn því notið umönnunar foreldris í allt að níu mánuði samkvæmt lögnum. Í tilfellum þeirra barna sem eiga, í lagalegum skilningi, aðeins eitt foreldri njóta þau hins vegar einungis sex mánaða umönnunar foreldris síns. Með þeirri breytingu sem frumvarpið mælir fyrir um

væri jafnaður réttur barna til samvista við foreldri og komið í veg fyrir að börn njóti mismikillar umönnunar eftir fjölskyldugerð.

Foreldraorlof er samkvæmt gildandi lögum 13 vikur fyrir hvort foreldri. Alþingi hefur þó nýverið samþykkt breytingu á lögnum sem lengir foreldraorlofið í fjóra mánuði á hvort foreldri. Sú breyting tekur gildi 1. janúar 2012 og á við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2012 eða síðar. Er því lagt til í 4. gr. frumvarpsins að foreldraorlof einstæðra mæðra sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypa sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur verði átta mánuðir.

Í lögum nr. 130/1999, um ættleiðingar, var lögfest sú undantekningarregla að einhleypir einstaklingar gætu ættleitt barn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Einnig er vert að geta þess að þeir sem óska eftir að taka barn í varanlegt fóstur þurfa ekki að vera í hjónabandi eða sambúð, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Með lögum nr. 54/2008, um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum, var einhleypum konum veitt heimild til að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð hér á landi. Í sömu lögum var kveðið á um breytingu á barnalögum þess efnis að barn einhleypur konu sem getið er við tæknifrjóvgun verði ekki feðrað. Hefur löggjafinn með setningu fyrrgreindra laga viðurkennt einstæða foreldra sem ákveðið fjölskylduform og að barn geti einungis átt eitt foreldri. Er það því grundvallaratriði að löggjafinn tryggji jafnrétti barna óháð fjölskylduformi og veiti þessum foreldrum rétt til níu mánaða fæðingarorlofs. Í 4. mgr. 8. gr., 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 95/2000 er að finna reglu í þessum anda þar sem barni er tryggt umönnun foreldris hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu þess. Má hér sjá að barn sem á jafnframt einungis eitt skilgreint foreldri að lögum nýtur umönnunar þess í níu mánuði. Frumvarp þetta mælir fyrir um jafnræði ung- barna til að njóta samvista við foreldri án tillits til fjölskylduforms. Verði það að lögum er um að ræða mikla réttarbót þeim til handa sem verður að teljast sjálfsögð þar sem löggjafinn hefur þegar viðurkennt að börn geti átt eitt foreldri í lagalegum skilningi.

Flutningsmenn frumvarpsins eru meðvitaðir um að til eru fleiri tilvik þar sem börn fá einungis notið samvista við annað foreldrið á fyrstu 36 mánuðum lífsins jafnvel þótt lagalega séu til staðar tveir foreldrar. Ekki er tekið á slíkum tilvikum í þessu frumvarpi enda eru þau margslungin og flókin og þarfnast ítarlegrar skoðunar við. Því er hins vegar beint til velferðarnefndar Alþingis að nefndin taki þá hlið mála sérstaklega til athugunar í framhaldinu. Skoða þarf hvernig væri unnt að taka á slíkum undantekningartilfellum svo að hvort tveggja í senn sé ætíð tryggt, óskoraður réttur allra barna til samveru við báða foreldra sína, þ.e. þeirra barna sem lagalega eiga tvo foreldra, sem og réttur allra barna til alls níu mánaða samveru við foreldri á fyrstu 36 mánuðum lífsins.